

59. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldin í fjarfundi og staðfundi í fundarsal Vestfjarðastofu á Ísafirði, þann 14. Febrúar 2024 kl 12.00

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Elísabet Gunnarsdóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Halldór Halldórsson, Lilja Magnúsdóttir, Magnús Ingi Jónsson, Dagný Finnbjörnsdóttir og Nanný Arna Guðmundsdóttir. Gauti Geirsson sat fundinn að hluta.

Forföll boðuðu Jónas Heiðar Birgisson áheyrnarfulltrúi og Jóhann Birkir Helgason og í hans stað sat Dagný Finnbjörnsdóttir fundinn.

Einnig sátu fundinn þau Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir teymisstjóri atvinnu- og byggðaðpróunar, Sölvi Guðmundsson teymisstjóri markaðs- og menningar og Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri byggðaðpróunar sem ritaði fundargerð

Formaður setti fundinn og kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram og gengið til boðaðar dagskrár.

Dagskrá

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Gerð Sónaráætlunar Vestfjarða 2025-2029
2. Ársfundir Vestfjarðastofu og Sónarhóps
3. Sónarhópur Vestfjarða
4. Verkefni um orkuskipti og loftslagsmál – RECET og Blámi
5. Skýrsla framkvæmdastjóra
6. Fundargerðir stjórna landshlutasamtaka og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundur stjórnar FV

1. Nýtt verknámshús við MÍ
2. Samhæfing málaflokka sem lúta að þjónustu við börn
3. Stafrænt ráð – tilnefning fulltrúa FV
4. Breiðafjarðarverkefni C9
5. Svæðisskipulag Vestfjarða – staða
6. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
 - b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
 - c. Afrakstur umsagna.
 - d. Umsagnarbeiðnir
 - i. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar 585. mál frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun. Umsögn berist eigi síðar en 12. febrúar nk.
 - ii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar 18. mál – Gjaldtaka vegna afnota af vindi, sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, til raforkuframleiðslu. Umsögn berist eigi síðar en 12. febrúar nk
 - iii. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar 521. mál Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu). Umsögn berist eigi síðar en 15. febrúar nk.

- iv. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar 41. mál – Fyrirkomulag matvælaframleiðslu til neyðarbirgða. Umsögn berist eigi síðar en 15. febrúar nk.
- v. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um loftslagsmál (aukinn metnaður og gagnsæi), 21. mál. Umsögn berist eigi síðar en 27. febrúar nk.
- e. Umsagnir til skoðunar

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029

Framkvæmdastjóri kynnti undirbúning að gerð nýrrar sóknaráætlunar, svæðisáætlun um úrgangsmál og loftlagsstefnu og samspil þessara áætlana og stefnuskjala við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða þannig að til framtíðar litið muni áætlanir styðja við og hrinda í framkvæmd stefnu svæðisskipulags.

Framkvæmdastjóri kynnti að viðræður hafa verið við VSÓ ráðgjöf og Urbana ehf um gerð sóknaráætlunar í samspili við vinnu við gerð svæðisskipulags auk viðræðna við KPMG um gerð sóknaráætlunar og sviðsmyndagreiningar.

Til máls tóku Jóhanna, Elísabet, Lilja og Sigríður

Formaður gerði tillögu um að veita framkvæmdastjóra heimild til að vinna að framkvæmd málsins í ljósi umræðu og stjórn taki afstöðu til tilboðs í tölvupósti.

Tillagan samþykkt

2. Ársfundir Vestfjarðastofu og Sóknarhóps

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað um dagsetningar ársfundar Vestfjarðastofu og Sóknarhóp og tengingu þeirra funda við vinnufundi um mótun Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029.

Til máls tóku Lilja, Halldór, Nanný og Friðbjörg.

Formaður gerði tillögu á grundvelli minnisblaðs; *ársfundur Sóknarhóps verði haldinn á Patreksfirði og í streymi, þann 8. maí n.k., ársfundur Vestfjarðastofu verði haldinn á Ísafirði 15. maí n.k. og einnig í streymi. Opinn vinnufundur verði haldinn á Ströndum eða Reykhólum 16. maí n.k.*

Tillagan samþykkt samhljóða.

Borin upp tillaga að ræða 4. lið dagskrár á undan 3. lið. Tillagan samþykkt.

3. Sóknarhópur Vestfjarða

Framkvæmdastjóri, Guðrún Anna og Sölvi kynntu vinnu sóknarhóps með ráðgjöfum um ímyndarvinnu, mörkun gilda o.fl. Unnið verður áfram úr vinnu sóknarhóps og niðurstöður kynntar nú í vor.

Til máls tóku, Elísabet, Sigríður, Lilja og Friðbjörg.

Guðrún Anna og Sölvi véku af fundi.

Mættir til fundar Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri Vestfjarðastofu og Þorsteinn Másson, framkvæmdastjóri Bláma

4. Verkefni um orkuskipti og loftslagsmál – RECET og Blámi

Þorsteinn kynnti munnlega verkefni sem unnin hafa verið og eru í vinnslu varðandi orkuskipti, m.a. samstarf við Menntaskólann á Ísafirði, um nýtingu sólarorku og orkuskipti í sjávarútvegi. Önnur verkefni

hafa verið m.a. varmadælur í fjarvarmakerfum og stærri stofnanir, orkuskipti í fiskeldi, jarðhitaverkefni í Steingrímsfirði og Reykhólum.

Markmiðið með starfi Bláma er að kveikja umræðu og ná fram samstarfi aðila innan sem utan Vestfjarða og samstarf við eigendur Bláma. Sigríður tók til máls og lagði áherslu á mikilvægi stuðnings Sóknaráætlunar í gegnum áhersluverkefni.

Til máls tóku, Halldór, Jóhanna, Friðbjörg og Elísabet

Þorsteinn vék af fundi.

Hjörleifur kynnti munnlega RECET verkefnið og vinnu að gerð loftlagsstefnu og mikilvægi þess að fá samþætta loftlags og orkuskiptaáætlun fyrir sveitarfélög. Kynnti fundar og vinnustofuröð þessara verkefna á árinu 2024 m.a. í samstarfi við sveitarfélögin á Vestfjörðum, Bláma, svæðisáætlun um úrgangsmál og svæðisskipulag og auk samþættingar við vinnu að umhverfissvottun, Earth Check.

Til máls tóku, Halldór, Elísabet, Sigríður og Jóhanna.

Hjörleifur vék af fundi.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Til máls tók framkvæmdastjóri og kynnti munnlega skýrslu framkvæmdastjóra og vísaði til fyrri verkefnakynningu á fundinum. Önnur verkefni væru varðandi ársuppgjör, vinna Strandanefndar, Grænir iðngarðar á Reykhólum, Ungmennahúsið, Púkinn, velferðarmál barna auk hefðbundinna verkefna.

6. Fundargerðir landshlutasamtaka og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lagðar fram fundargerðir til kynningar.

- a. Fundargerð 103. fundar stjórnar SSNV 6. febrúar 2024
https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2024/fundargerð-103.-fundar-stjornar-ssnv-6.-februar-2024_.pdf
- b. Fundargerð 14. fundar stjórnar SSA 10. nóvember 2023
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2023/11/15.-fundur-SSA-101123.pdf>
- c. Fundargerð 17. fundar stjórnar SSA 19. janúar 2024
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2024/01/17.-fundur-SSA-190124-1.pdf>
- d. 606. stjórnarfundur SASS. 2. febrúar 2024
<https://www.sass.is/606-fundur-stjornar-sass/>
- e. 797. fundargerð stjórnar SSS 11. janúar 2024
<https://sss.is/skjol/797-fundargerð/>
- f. 936. Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga – í gögnum á Teams

Til máls tóku Lilja, Jóhanna og Elísabet.

Halldór, Elísabet, Gauti og Friðbjörg véku af fund.

Fundur stjórnar FV

1. Nýtt verknámshús við MÍ

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega stöðu verkefnis, tveir verkefnafundir hafa verið haldnir auk kallað eftir þátttöku sveitarfélaga. Líkur væri á að verkefnið verði eingöngu með aðild sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum.

Umræða fór síðan fram um samstarf sveitarfélaga til styttri og lengri tíma litið. Til máls tóku Jóhanna, Lilja, Nanný, Magnús, Sigríður og Aðalsteinn.

2. Samhæfing málaflokka sem lúta að þjónustu við börn

Framkvæmastjóri að mennta og barnamálaráðherra hefði fundað með sveitarfélögum, ráðuneytum og landshlutasamtökum um samhæfingu málaflokka barna en móta yrði næstu skref í samstarfinu og hvað felst í þessu erindi ráðherra.

Formaður gerði tillögu að framkvæmdastjóra yrði falið að vinna áfram að verkefninu og upplýsa stjórn um framvindu. Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Stafrænt ráð – tilnefning fulltrúa FV

Lagt fram erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem óskað er tilnefningu fulltrúa Fjórðungssambands í Stafrænt ráð. Jón Páll Hreinsson hefur verið fulltrúi í ráðinu

Formaður gerði tillögu um að skipa Þórdísi Sif Sigurðardóttur sem fulltrúa Fjórðungssambands Vestfirðinga í Stafrænt ráð.

Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Breiðafjarðarverkefni C9

Formaður og sviðsstjóri byggðapróunar kynnti munnlega vinnu við framkvæmd Breiðafjarðarverkefnis, m.a. kom fram að í undirbúningi eru íbúafundir í mars n.k. til að leita ráða og afla afstöðu íbúa gagnvart tillögum verkefnisstjórnar áður en þær verði sendar ráðherra.

Sviðstjóri kynnti að umhverfis- og samgöngunefnd hefði boðað Fjórðungssamband Vestfirðinga á fund til að ræða umsögn um landsskipulagsstefnu og óskaði eftir umræðu undir 6. lið dagskrár um gerð tillögu um að hafin verði vinna við gerð strandsvæðaskipulags fyrir Breiðafjörð.

5. Svæðisskipulag Vestfjarða – staða

Á grundvelli samþykktar stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 22. janúar s.l. og að aflokum kærufresti, er lagt fram til kynningar staðfesting Ríkiskaupa frá 2. febrúar s.l. um töku tilboðs vegna útboðs í gerð Svæðisskipulags Vestfjarða, tilboðshafi er VSÓ ráðgjöf og Urbana ehf.

Sviðsstjóri byggðapróunar kynnti framhald vinnu við gerð svæðisskipulagsins, m.a. hefur verið boðað til fundar svæðisskipulagsnefndar þann 28. febrúar n.k. í Sauðfjársetrinu á Ströndum.

6. Umsagnir:

- f. Afgreiddar umsagnir til Alþingis - Engar umsagnir hafa verið afgreiddar.
- g. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt - Engar umsagnir hafa verið afgreiddar
- h. Afrakstur umsagna.

Umhverfis og samgöngunefnd hefur boðið til fundar að ræða þingsályktun um landsskipulagsstefnu á grundvelli umsagnar FV <https://www.althingi.is/altext/erindi/154/154-1229.pdf>

Til viðbótar hefur komið fram tillaga frá Breiðafjarðarverkefninu, að FV og SSV sendi í sameiningu beiðni til nefndarinnar að hafin verði vinna við gerð strandsvæðaskipulags á Breiðafirði

Tillagan hefur verið kynnt samráðshópi sveitarfélaga á fundi með verkefnisstjórn Breiðafjarðarverkefnis og eru aðilar sammála um að beina henni til stjórnvalda. Tillagan verður kynnt á íbúafundum í mars n.k.

Tillagan er svohljóðandi.

„Löggjöf um skipulag haf og strandsvæða (lög nr. 88/2018) verði nýtt hið fyrsta við skipulag Breiðafjarðar. Löggjöfin er tiltölulega nýlegt tæki til að kortleggja og forgangsraða verkefnum á strandsvæðinu. Skipulag haf- og strandsvæða er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði á fjörðum og flóum utan staðarmarka sveitarfélaga, þar sem sett er fram stefna og ákvarðanir stjórnvalda um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins.

Mörk verndarsvæðis Breiðafjarðar eru með þeim fyrirvara að þau skarast á við síðari ákvæða laga um afmörkun lögsögu sveitarfélaga til hafsins (netlög), lög um strandsvæðaskipulag, lög um náttúruvernd og lög um eignarrétt ríkisins á hafsbotni. En samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar ná mörk laganna til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins.

Mörk strandsvæðis má segja að taki síðan við þar sem mörkum verndarsvæðis sleppir eða þau skarast lítillaga og því myndi gerð strandsvæðaskipulags í samspili við lög um verndun Breiðafjarðar ná að móta heillega umgjörð um Breiðafjarðarsvæðið allt“.

Óskaði sviðsstjóri eftir heimild stjórnar um að leggja þessa tillögu fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Tillagan borin upp og samþykkt.

i. Umsagnarbeiðni

- i. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar 585. mál frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun.
<https://www.althingi.is/altext/154/s/0817.htm> Umsögn berist eigi síðar en 12. febrúar nk.

Til máls tóku Nanný, Lilja, Sigríður,

Tillaga. Það er mat heilbrigðisfulltrúa Vestfjarða að ef málið gangi óbreytt fram mun það hafa veruleg áhrif á störf heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Til skoðunar er sameiginleg umsögn heilbrigðisnefnda.

Formaður gerði til tillögu um að óska eftir samráði við heilbrigðisnefnd Vestfjarða um umsögn um málið og samráð við önnur landshlutasamtök.

- ii. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar 18. mál – Gjaldtaka vegna afnota af vindi, sameiginlegri auðlind þjóðarinnar, til raforkuframleiðslu.
<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/154/18/?ltg=154&mnr=18> Umsögn berist eigi síðar en 12. febrúar nk

Tillaga; að senda ekki umsögn. Tillagan samþykkt.

- iii. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar 521. mál Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og stjórn fiskveiða (veiðistjórn grásleppu). <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/154/521/?ltg=154&mnr=521> Umsögn berist eigi síðar en 15. febrúar nk.

Tillaga; að senda ekki umsögn. Tillagan samþykkt

- iv. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar 41. mál – Fyrirkomulag matvælaframleiðslu til neyðarbirgða. <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/154/41/?ltg=154&mnr=41> Umsögn berist eigi síðar en 15. febrúar nk.

Tillaga, að senda ekki umsögn. Tillagan samþykkt

- v. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um loftslagsmál (aukinn metnaður og gagnsæi), 21. mál. Umsögn berist eigi síðar en 27. febrúar nk. Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/154/s/0021.html>

Tillaga, að senda ekki umsögn. Tillagan samþykkt.

- j. Umsagnir til skoðunar
 - i. engin mál til skoðunar

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.05